

Nd.

338. Frumvarp til laga

um bann við töku ljósmynda og meðferð ljósmyndavéla.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Sérhver farþegi eða starfsmaður á skipi, sem siglir í íslenskri landhelgi, skal afhenda skipstjóra, þegar er hann er kominn á skip eða er skip siglir inn í íslenska landhelgi, ljósmyndavélar, er hann kann að hafa í vörzlu sinni, og skal skipstjóri gefna þær, þar til aðili stígur af skipsfjöln eða skip siglir út úr landhelgi Íslands.

2. gr.

Nú hefur með auglýsingu verið bannað að taka ljósmyndir af ákveðnum svæðum, og má þá enginn fara inn á þau svæði með ljósmyndavél, nema hún hafi verið innsiglið tryggilega af réttu yfirvaldi.

3. gr.

Innan svæða þeirra, er greinir í 2. gr., má enginn, án leyfis réttra aðila, taka ljósmyndir af herstöðvum eða hertækjum, svo sem flugvöllum, fallbyssustæðum, loftvarnastöðvum, strandvarnafallbyssustöðvum, höfnum eða skipalægjum eða loftskæptastöðvum.

4. gr.

Ef maður raskar innsigli á ljósmyndavél, sbr. 2. gr., þá varðar það við 113. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febr. 1940.

Brot á öðrum ákvæðum laga þessara varða sektum eða varðhaldi, ef miklar sakir eru.

Ljósmyndavélar, sem notaðar eru eða farið er með andstætt fyrirmælum laga þessara, má gera upptækar með dómi.

5. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.